Örn Pálsson

Málþing um auðlindastýringu og fyrningarleið ríkisstjórnarinnar

Haldið í Vestmannaeyjum 4. júní 2009

Í upphafi máls míns lýsi ég því yfir að Landssamband smábátaeigenda er andvígt stefnu ríkisstjórnarflokkanna að fyrna veiðiheimildir árlega. Hvort sem það er stjórn landssambandsins eða svæðisfélög þess er afstaðan skýr, hugmyndum um fyrningu veiðiheimilda er hafnað.

Í ályktun stjórnar landssambandsins frá 15. maí sl. segir m.a.:

> „Fundurinn mótmælir harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að ætla að innkalla veiðiheimildir. Sú aðferð mun bitna hvað harðast á smábátaflotanum og er algert stílbrot við önnur atriði stjórnarsáttmálans um atvinnuuppbyggingu og skuldastöðu fyrirtækja.
>
> Í einföldustu mynd blasir við að tekjuhlið smábátaútgerðarinnar er skert á sama tíma og skuldirnar standa óbreyttar. Smábátaeigendur hafa ekki á mörg mið að róa. Þeir eru að mestu bundnir sínum heimabyggðum. Langflestir smábátaeigenda eru sjálfir að róa bátum sínum. Þeir hafa í mörgum tilfellum skuldsett sig við kaup á veiðiheimildum til að mæta þeim aflaskerðingum sem stjórnvöld hafa lagt á að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar. Að auki hafa margir þeirra skert laun sín til að byggja upp fyrirtækin.
> Þúsundir fjölskyldna í landinu treysta á rekstur þessara litlu fyrirtækja. Fyrningaleið er ekki leið til sátta um sjávarútvegsmálin. Þar verður annað að koma til og lýsir fundurinn yfir vilja félagsins til að leita slíkra leiða.“

En hvað er til ráða. Staðan er grafalvarleg. Meirihluti Alþingis vill innkalla aflaheimildir og selja til baka á opnum markaði. Hagsmunasamtök útgerða og fjölmargar bæjar- og sveitastjórnir hafa mótmælt og bent á að framtíð atvinnugreinarinnar sé í hættu verði ákveðið að fara þessa leið. Sjómannasamaband Íslands hefur hins vegar þagað þunnu hljóði og kalla ég hér með eftir viðbrögðum úr þeirri átt.

Með gagnrýnum augum hef ég farið yfir fullyrðingar andstæðinga fyrningaleiðar. Niðurstaða mín er sú að ég er þeim hjartanlega sammála. Ég bendi sérstaklega á að þau framtíðarplön sem byggt hefur verið á yrðu að engu ef byrjað yrði að fyrna veiðiheimildir. Skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru himinháar eftir mesta efnahagshrun sem sögur fara af hjá sjálfstæðri þjóð. Einkum á það við aðila sem nýlega eru búnir að kaupa sér veiðirétt og hafa ætlað að nýta hann sér og sínum til atvinnusköpunar í nokkra tugi ára. Árleg fyrning veiðiheimilda mundi verða fyritækjum þeirra ofviða. Einkum er það sárgrætilegt þar sem þessir aðilar hafa í öllu farið að lögum við uppbyggingu fyrirtækisins. Þeir vissu að nytjastofna á

Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þeir vissu að markmið fiskveiðistjórnunarlaganna er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofnanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Og þeir vissu að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum. , svo vitnað sé í fyrstu grein fiskveiðistjórnunar laganna.

Auk þessa vissu þessir aðilar að ekki var hægt að hefja veiðar öðru vísi en að kaupa sér veiðirétt.

Fyrirtæki þessara aðila er nú í uppnámi. Nýliðun sem þeir framkvæmdu er í uppnámi.

Fylgismenn fyrningarleiðar benda gjarnan á að útgerðin hafi þolað, þriðjungs niðurskurð í þorski, þess vegna fari þeir létt með að bregðast við innköllun veiðiheimilda. Það er ekki rétt. Ég horfði á eftir mörgum afburðarmönnum hverfa úr greininni vegna þessa, þeirra nýtur nú ekki lengur við að gera verðmæti úr auðlindinni til hagsbótar fyrir þjóðina. Bent skal á að smábátaútgerðin er enn að jafna sig eftir þetta áfall.
Fyrningaleiðin gerir hins vegar ráð fyrir varanlegri skerðingu allra veiðiheimilda, en í náttúrunni er skerðingin oftast tímabundin, enda gerð til að styrkja viðkomandi fiskistofn.

Fyrningarleið lækkar virði aflaheimilda og þar með heildarvirði sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Erfitt er að gera sér í dag grein fyrir verðmætum veiðiheimildanna þar sem markaður með þær er engin. Ég leyfi mér þó að nefna 500 milljarða sem er plús - mínus tala. Umræðan ein hefur þegar leitt til lækkunar veiðiheimilda. Verði fyrning hafin þegar markaður er í jafnmiklu ójafnvægi og nú er má búast við kollsteypu í sjávarútveginum.

Virði fyrirtækjanna minnka, lífskjör versna og lánadrottnar - bankarnir - geta búist við miklum útlánatöpum. Af þeim sökum er nauðsynlegt við verðmat bankanna nú að skoðað verði áhrif fyrningarleiðarinnar á stöðu þeirra.
Tekjur sem ríkissjóður ætlar að fá fyrir veiðiheimildirnar verða óvissar þar sem hann getur eingöngu reitt sig á sölu þeirra á uppboði.

Skellum okkur nú á uppboðið. Boðið eru upp eitt þúsund tonn af þorski. Vegna flókinna leikreglna hefst uppboðið ekki. Engin skilur hvorki upp né niður í leikreglunum. Hver fær að bjóða fyrstur og hversu mikið magn hann fær að bjóða í. Við samningu leikreglna þurfti að gæta jafnræðis. Taka þurfti tillit til veiðafæra, stærð skipa, atvinnusköpunar, verðmæta, fjárhagsstöðu, feril viðkomandi, aðkomum að lánastofnunum og þó ég hefði hér allan daginn til að telja upp væri örugglega hægt að bæta einhverju við. Nú þegar þessi upptalning væri úti tæki við röðun þáttanna, vægi þeirra innbyrðis, tengsl við heimahöfn og virði atvinnusköpunar, enn ein upptalningin tæki við.

Það er ekki tilviljun að útfærsla fyrningarleiðarinnar lætur bíða eftir sér!

Nei - innköllun veiðiheimilda er ekki leiðin til að ná sátt um sjávarútveginn.

En ég spyr þá aftur, hvað er til ráða? Hefur þjóðin ekki verið nægjanlega upplýst um mikilvægi sjávarútvegsins. Því miður verður að játa að svo er.

Er ákvörðun stórnvalda um upptöku veiðigjalds gleymd og grafin? Er þjóðinni ókunnugt um að útgerðin hefur greitt veiðigjald í sameiginlegan sjóð landsmanna síðast liðin 4 ár. Nemur sú fjárhæð samanlagt 2,4 milljörðum á verðgildi hvers árs.

Ég er þess minnugur að með upptöku veiðigjalds var meðal markmiða að slá á óánægjuraddir útí sjávarútveginn. Nefnd var skipuð sem skilaði af sér skýrslu 29. september 2000. Á grundvelli hennar ákváðu stjórnvöld að hefja töku á veiðigjaldi, útgerðin skildi greiða gjald fyrir hvert þorskígildiskíló. Gjaldið tekur mið af afkomu útgerðarinnar hverju sinni og er á yfirstandandi fiskveiðiári 0,71 kr á hvert þorskígildiskíló. Sjávarútvegurinn leit á upptöku gjaldsins sem sátt við síendurtekinni neikvæðri umræðu um hann.

Ég sakna þess í umræðum síðast liðinna mánuði að veiðigjaldið hafi ekki verið fært í umræðuna. Sjávarútvegurinn er eina atvinnugreinin sem greiðir þjóðinni fyrir afnot af náttúruauðlindum hennar. Það er því með öllu óskiljanlegt að aftur sé vegið af sjávarútveginum án þess að gjald fyrir afnot af auðlind í þjóðareign sé tekið upp í fleiri atvinnugreinum sem tekjur hafa af nýtingu hennar.

Við skoðun á slíkum þáttum gæti það leitt til hærra veiðigjalds, en ég tel að sjávarútvegurinn mundi viðurkenna slíkt þegar atvinnugreinin mundi sjá að allir sætu við sama borð.

Ég hvet hér með til sátta þannig að í stað fyrningarleiðar komi hækkun á veiðigjaldi sem taki, eins og eðlilegt getur talist, mið af afkomu atvinnu-greinarinnar.

En það er fleira sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir þessa dagana. Nýtt veiðikerfi er innan seilingar sem nefnt hefur verið strandveiðikerfi. Með tilkomu þess verður komið til móts við óskir fjölmargra þjóðfélagsþegna um að geta stundað sjósókn í litlu mæli yfir sumarmánuðina án þess að leggja í þá áhættu að versla sér veiðirétt.

Ég er sannfærður um að hið nýja kerfi muni auka sátt innan sjávarútvegsins og verða til að efla hann.

Að lokum vek ég athygli ykkar ágætu tilheyrendur á því sem almenningur kvartar jafnan yfir, en það er að ár eftir ár geti einstakir útgerðarmenn leikið atvinnulausan útrásarvíking, með tekjum af leigu veiðiheimilda sem skipið hefur fengið úthlutað.
Því er jafnan skellt á mig um leið: Þetta getur þú ekki varið!

Nei segi ég hiklaust og ég ætla ekki að gera það.

Í gildandi lögum er ákvæði sem skildar aðila að nýta að minnsta kosti helming veiðiheimildanna annað hvort ár. Því er ekki að leyna að farið hefur verið í kringum þetta ákvæði og því ber Alþingi ábyrgðina, setja þarf undir lekann.

Ég hvet hæstvirtan sjávarútvegsráðherra til að einhenda sér í verkefnið endursemja greinina sem þetta á við þannig að ekki sé hægt að fara í kringum lagatextann með einhverjum æfingum

Ágætu tilheyrendur! Sjávarútvegurinn er vanur að fá brimskaflana yfir sig. Honum hefur til þessa tekist að standa þá af sér og þá að nokkrum tímum liðnum staðið sterkari eftir.

Nú er boðað gríðarlegt öldurót sem veruleg vá er af. Ég skora á stjórnvöld að falla frá öllum hugmyndum sínum um innköllum, en þess í stað að beita öllu afli sínu í að styðja sjávarútveginn og styrkja, þjóð vorri til hagsbóta.

Takk fyrir gott hljóð